

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbæ

Reykjavík 10. mars 2020
UST202003-171/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Flekkudalur í Kjósarhreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Flekkudal í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær yfir fimm frístundalóðir á frístundasvæðinu F4b í landi Flekkudals sem er um 4 ha að stærð. Auk þess kemur fram að innan byggingarreita er heimilt að byggja allt að 150 m² frístundahús og allt að 50 m² geymslu.

Umhverfisstofnun bendir á að í gildandi aðalskipulagi kemur fram að heildar byggingarmagn á frístundalóðum við Meðalfellsvatn verði aldrei meira en 150 m². Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á líkt og kemur fram í greinargerð að votlendið á svæðinu fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess fellur Meðalfellsvatn undir 61. gr laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinga sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruvænna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvænna sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingarreitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.


Forsendur

Í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur fram að frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt, m.a. vegna náttúruvænna. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða svæði sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga, vatnið er hverfisverndað, á svæðinu eru vistgerðir með mjög hátt verndargildi og svæðið er á náttúruvænna. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig verkefnið samræmist gildandi aðalskipulagi hvað þetta varðar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur